



Borgun hf.

Erlendur Magnússon, stjórnarformaður
Haukur Oddsson, forstjóri
Ármúla 30
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2016

Efni: Upplýsingar í tengslum við sölu Landsbankans hf. á hlutum í Borgun hf.

Vísað er til kauptilboðs, dags. 24. október 2014, frá Eignarhaldsfélagi Borgunar slf. og BPS ehf., sem Landsbankinn hf. samþykkti þann 27. október 2014, og náði til 31,2% eignarhlutar bankans í Borgun hf.

Þann 23. júlí 2014 óskuðu tilboðsgjafar og Landsbankinn sameiginlega eftir því við Borgun að stjórnendur Borgunar kynntu félagið fyrir þeim, í því skyni að gera þeim kleift að taka afstöðu til verðmætis hlutafjár félagsins. Umræddar kynningar, sem helstu stjórnendur Borgunar stóðu að, fóru fram þann 22. og 26. ágúst 2014. Var þar meðal annars fjallað ítarlega um fjármál félagsins, efnahag og áætlanir.

Í umræddum kynningum kom hvergi fram að Borgun kynni að eiga rétt til greiðslna, kæmi til þess að valréttur milli Visa Inc. og Visa Europe frá árinu 2007 yrði nýttur, eins og nú er orðið ljóst.

Bankasýsla ríkisins hefur sent Landsbankanum bréf, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir ítarlegum upplýsingum sem varða sölu Landsbankans á umræddum hlutum í Borgun. Af því tilefni er þess óskað að Borgun upplýsi Landsbankann um hvort upplýsingar hafi legið fyrir hjá félaginu eða stjórnendum þess þegar kynningarnar fóru fram um hvort Borgun kynni að eiga rétt til greiðslna á grundvelli umrædds valréttar.

Hafi upplýsingarnar legið fyrir innan Borgunar er þess óskað að upplýst verði hvort stjórnendur félagsins hafi lagt mat á hverju greiðslan kynni að nema og hvers vegna ekki var getið um það á umræddum kynningum.

Þá er þess farið á leit að Landsbankinn verði upplýstur um hvaða fjárhæð mun koma í hlut Borgunar vegna ofangreinds valréttarsamnings og hve stór hluti hennar verður rakinn til rekstrarsögu Borgunar fram til þess tíma er ofangreint tilboð tilboðsgjafa var gert.

Þess er óskað að svör við ofangreindum spurningum berist Landsbankanum eigi síðar en þann 9. febrúar nk.

Tekið skal fram að efni bréfs þessa og svör við því kunna að verða gerð opinber.

Virðingarfyllst,

Steinþór Pálsson
Bankastjóri